

Sp.

42. Fyrirspurnir.

[40. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

- 1) Hvað er rúm fyrir marga fanga í íslenskum fangelsum?
- 2) Til hversu margra daga fangelsisvistar hafa menn verið dæmdir á ári síðastliðin þrjú ár?
- 3) Hversu margir menn eiga óafplánaða fangelsisdóma og í hversu marga daga?
- 4) Hversu margir þeirra manna, sem hlotið hafa dóm, hafa brotið af sér á ný, meðan þeir bíða þess að afplána dóm sinn?

II. Til dómsmálaráðherra um dómsmál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

- 1) Hversu margar kærur hafa borizt Sakadómi Reykjavíkur síðastliðin þrjú ár?
- 2) Hversu margar þeirra hafa hlotið endanlega afgreiðslu? Hefur það gerzt, að kæra hafa fyrnzt vegna þess, að hún hafi ekki verið tekin til meðferðar?

III. Til dómsmálaráðherra um ölvun á almannafæri.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hversu margir hafa verið handteknir vegna ölvunar á almannafæri í Reykjavík oftar en tólf sinnum á ári síðastliðin þrjú ár?

IV. Til dómsmálaráðherra um eiturlyfjamál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

- 1) Hve margir starfa við eiturlyfjamál á vegum lögreglunnar?
- 2) Hefur lögreglumönnum verið veitt fræðsla til að gera þeim kleift að þekkja áhrif eiturlyfja á fólk og rétt viðbrögð við fólk undir áhrifum þeirra?

V. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um áfengismál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

- 1) Hvað er rúm fyrir marga drykkjusjúklinga á gæzlúvistarhælum?
- 2) Hversu margir drykkjusjúklingar hafa verið fluttir í sjúkrahús á ári síðastliðin þrjú ár, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1964?

VI. Til fjármálaráðherra um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins.

Frá Bjarna Guðnasyni.

- 1) Er æskilegt, að fastir starfsmenn í ráðuneytum sitji í allt að 16 nefndum, stjórnnum og ráðum?
- 2) Með hliðsjón af því, að vitað er, að meginhluti starfsins í langflestum nefndum hvílir á einum eða tveimur nefndarmönnum eða jafnvel ritara nefndar einum, er spurt, hvort nauðsyn nefndarskipunar sé könnuð hverju sinni eða unnt sé að fela verkefnið ákveðnum ríkisstarfsmanni án nefndarskipunar?
- 3) Er þess gætt, að eðlilegt hlutfall sé á milli tölu nefndarmanna og umfangs þess verkefnis, sem þeim er ætlað að vinna?
- 4) Með hliðsjón af því, að sumir starfsmenn ráðuneyta þiggja fjórðung milljónar króna eða meira í þóknun fyrir nefndarstörf, er spurt, hvaða reglum sé fylgt við ákvörðun þóknunar fyrir slík störf, sem vitað er að hljóta að vera unnin að miklu eða öllu leyti í vinnutíma, sem hlutaðeigandi starfsmaður tekur föst laun fyrir. Hvað er gert til að tryggja, að slíkum reglum sé fylgt, séu þær fyrir hendi?
- 5) Er ástæða til að launa ríkisstarfsmenn fyrir nefndarstörf, þegar þau falla undir þau verksvið, sem þeim er ætlað að vinna? Hvaða reglur gilda um þetta efni?
- 6) Ákveður hlutaðeigandi ráðuneyti eitt, hvaða þóknun skuli greidd fyrir störf í nefndum, stjórnnum og ráðum, eða koma til aðrir aðilar og þá hverjir? Hvað er gert til að tryggja það, að eðlilegt samræmi sé á milli vinnu nefndarmanna og þóknunar til þeirra?

VII. Til viðskiptaráðherra um framkvæmd laga um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Frá Pétri Péturssyni.

Hvenær má gera ráð fyrir, að til framkvæmda komi lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, þ. e. að lánað verði út á hráefni til iðnaðar, iðnaðarvörur í vinnslu og fullunnar iðnaðarvörur?